

Samþykkt um kjör fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna funda og ráðstefna

1. gr.

Inngangur

Samþykkt þessi byggir á samþykktum um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar nr. 591/2013. Samþykktin fjallar um þóknun sveitarstjórnarmanna og nær einnig til launakjara fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins

2. gr.

Markmið

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

- Að fulltrúar fái laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
- Að fulltrúar njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ.

3. gr.

Viðmiðunarfjárhæð

Við setningu samþykktar er viðmiðunarfjárhæð ákveðin út frá þingfararkaupi. Viðmiðunarfjárhæð tekur mið við launavísitölu og breytist 1. júlí og 1. janúar ár hvert. Laun bæjarfulltrúa og nefndarmanna eru samkvæmt því hlutfalli sem fram kemur í greinum hér á eftir. Bæjarráð getur ákveðið aðrar hlutfallsskiptingu ef breyting verður á fyrirkomulagi eða störfum bæjarfulltrúa

Viðmiðunarupphæð	1.jan.2018	1.101.194	krónur.
-------------------------	-------------------	------------------	----------------

4. gr.

Starfsaðstaða bæjarfulltrúa

Kjörnir fulltrúar hafa aðgang að fundaraðstöðu með nettengingu í ráðhúsi. Sveitarfélagið greiðir farsímakostnað bæjarfulltrúa í samræmi við reglur sveitarfélagsins um þátttöku í farsímakostnaði starfsmanna (frá 1. janúar 2017). Bæjarfulltrúar fá greidda fasta fjárhæð vegna kaupa á tölvu, spjald- eða símtæki að upphæð 90.000 kr. á hverju kjörtímabili.

5. gr.

Þóknun vegna funda og ráðstefna

Kjörnir fulltrúar þiggja föst laun fyrir setur í bæjarstjórn og bæjarráði sveitarfélagsins. Fyrir setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins er greitt fyrir fundarsetu utan þess að

formaður fær að auki fasta greiðslu. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt og fulltrúa í svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðar. Laun fyrir störf í bæjarstjórn, bæjarráði og nefndum skulu nema skilgreindum hundradshluta af viðmiðunarfrjárhæð. Greitt er 8% mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð.

Nefndarlaun eru greidd tvisvar á ári og miðast við framlagðar fundargerðir fyrir bæjarstjórn.

Bæjarstjórn

Forseti bæjarstjórnar	15,0%	á mánuði - fundarseta innifalin
1. og 2.Varaforseti	8,0%	á mánuði - fundarseta innifalin
Bæjarfulltrúi	7,5%	á mánuði - fundarseta innifalin
Varamaður	1,5%	á mánuði
Varamaður	3,0%	fundarseta

Bæjarráð

Formaður bæjarráð	24,0%	á mánuði - fundarseta innifalin
Aðalmaður	16,5%	á mánuði - fundarseta innifalin
Áheyrnarfulltrúi	16,5%	á mánuði - fundarseta innifalin
Varamenn	2,0%	á mánuði
Varamenn	3,0%	fundarseta

Nefndir og ráð

Formaður	2,0%	á mánuði
Formaður	2,5%	fyrir setinn fund
Varaformaður	2,5%	Fyrir setinn fund í fjarveru formanns
Aðalmaður	2,0%	fyrir setinn fund
Varamaður	2,0%	fyrir setinn fund
Áheyrnarfulltrúar framboða	2,0%	fyrir setinn fund

6. gr.

Þóknun vegna funda og ráðstefna utan sveitarfélags

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags, sem sveitarstjórn ákveður að taka þátt í skal vera sem hér segir: Fyrir hvern dag skal greiða sem nemur 3% af viðmiðunarfrjárhæð.

7. gr.

Þóknun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega.

Greiði sveitarfélagið fyrir slíka setu skal greiða sem nemur 1,5% af viðmiðunarupphæð fyrir setinn fund.

8. gr.

Starfshópar/vinnuhópar/verkefnislið

Ákveði bæjarstjórn, bæjarráð eða fastanefnd að setja á fót starfshóp, vinnuhóp eða verkefnislið skal koma fram í bókun þar sem slík ákvörðun er tekin ef lagt er til að greitt verði fyrir fundarsetu. Ef ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna launa vinnuhóps í samþykkttri fjárhagsáætlun þarf að óska eftir samþykki bæjarráðs fyrir fjárveitingu vegna þess áður en vinna hópsins hefst.

Skipunarbréf skal leggja fyrir bæjarráð til samþykktar og skal það innihalda meðal annars tilgang og markmið með stofnun ásamt kostnaðar og tímaáætlun sem starfshóp/vinnuhóp er ætlað til að skila niðurstöðu.

Fyrir hvern setinn fund skal greiða sem nemur 1,5% af viðmiðunarfjárhæð.

9. gr.

Laun kjörstjórnar

Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við kjarasamning Launanefndar sveitarfélaga, lfl. 129. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum.

10. gr.

Laun í orlofi og veikindum

Bæjarstjórnarfulltrúar skulu fá greidd laun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

11. gr.

Um ferðir og gistingu

Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins, leigja bíl eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er. Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum í þeim tilfellum sem sveitarfélagið sér fulltrúa ekki fyrir fæði og gistingu. Greitt er eftir ákvörðun ríkisskattstjóra um ferðakostnað á hverjum tíma. Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins er einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Miðast greiðslur per. ekinn km. af ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturskostnað. Fyrir akstur á eigin bíl til og frá Reykjavík skal greiða ígildi flugfars til og frá Reykjavík. Um ferðir til útlanda gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki bæjarráðs fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum fyrirfram. Bæjarfulltrúi skal hafa samráð við bæjarstjóra áður en ferðamáti er ákveðinn.

Fulltrúar sem hafa búsetu í dreifbýli fá greiddan akstur samkvæmt akstursbók vegna nefndarfunda í þéttbýlinu Höfn. Greiðsla miðast við akstur frá heimili að þéttbýli og til baka að frátöldum fyrstu 15 km. á hvorri leið.

12. gr.

Um fjármálaráðstefnu og ársþing SASS

Öllum aðalfulltrúum í bæjarstjórn er heimilt að sækja fjármálaráðstefnu sveitarfélaga ár hvert sem og ársþing SASS.

13. gr.

Skil á skýrslu

Viðkomandi fulltrúi ber ábyrgð á að koma réttum upplýsingum til launafulltrúa sveitarfélagsins.

14. gr.

Gildistími

Reglurnar taka þegar gildi og um leið falla eldri samþykktir úr gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 11. september 2019.

Matthildur Ásmundardóttir
Bæjarstjóri